

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Rangárþingi eystra.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að setja á sérstakt gjald vegna sorphirðu og –eyðingar sbr. samþykkt um meðhöndlun úrgangs sem samþykkt var af sveitarstjórn Rangárþings eystra 10. nóvember 2011. Gjöld samkvæmt gjaldskránni verða innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Sveitarstjórn skipar íbúðarhúsum, frístundahúsum, fyrirtækjum, lögaðilum og öðrum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar í flokka skv. 1. gr. eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	Heimili	Frístundahús	Lögbýli***	Fyrirtæki
Grunngjald kr.*	15.457	11.024	6.629	13.525
Ílátagjald **	19.103			
Samtals kr.	34.560	11.024	6.629	13.525

* Grunngjald tekur til reksturs sorpherfisins, s.s. reksturs gámostöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpherfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

** Ílátagjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

*** Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram heimili þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það grunngjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands í samræmi við 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, nr. 7/1998.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 7. desember 2012 og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 1. mars 2013.

Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. mars 2013